# Málsskjöl v. beitifjöru og veiðirétt f. Laugarnes- og Kleppsl. 1858

Aðfnr. 1364, örk 4

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

ad Litr. N. a1

# Útskrift
## af Kjósar og Gullbringu sýslu Aukaréttarbók

Ár 1858 fimtudag 12. August var Gullbringu og Kjósarsýslu Aukaréttur settur að Bessastöðum og haldinn af hinum constituerada dómara og skrifara Páli Melsteð í viðurvist fjögra útnefndra dómsmanna hér í þinghánni sem vitna og ef til vill sem meðdómsmanna nefnilega bændanna Guðmundar Sigurðssonar á Digranesi, Þorsteini Þorsteinssyni á Hvammkoti, Hans Jónssyni á Nauthól og Ívari Guðmundssyni á Kópavogi, hvar þá var tekin fyrir. Sökin

Kaupmaður August Thomsen

gegn

Eigendum Klepps og Laugarness.

Réttarhald þetta er orsakað af því, að sækjandans umboðsmaður Candid. juris H. E. Johnsson hinn næsta réttardag hér á undan í sökinni hafði óskað af Dómaranum að Situationskort yrði búið til yfir það umþrætta pláts, hvar beitan hefir verið tekin, og hafði dómarinn í gær gefið báði honum og fullmegtugum hinna innstefndu, Examinato juris Jóni Guðmundssyni til vitundar, að athöfn þessi skyldi fara hér fram í dag um hadegisbil. Áliðandi hádegi voru báðir málspartar komnir á staðinn, en í því að dómarinn og hinir útnefndu menn komu, og

Lesið fram í Aukaréttinum 21. Aug 1858.
P. Melsteð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

klukkan var orðinn rétt að segja 1½, reið full-
megtugur innstefndi burtu og heim til sín
og vildi ekki bíða lengur, án þess dómarinn
næði hans tali. Dómarinn, hinir útnefndu
menn og sóknandans umboðsmaður riðu ofan
í Elliðaár ósa, þar sem þær falla í Voginn, og fram
með honum að vestanverðu að Gelgjutanga,
þar var numið staðar, og þar var dregið
upp á pappír það hér í réttinum fram-
lagða Situations Cort og álitið að vera svo
rétt sem föng eru til, og skrifuðu allir
sem til staðar voru nöfn sín á það til
staðfestu. Þess ber að geta, að þegar kort
þetta var dregið á pappírinn var nálægt
fjöru, svo menn sáu greinilega farveg ánna
eptir Vogsbotninum, og er sá farvegur
gjörður sýnilegur ásamt öðru á kortinu.
Umboðsmaður sóknanda beiddi um útskrift.
Fleira var ekki að hafast, hið bókaða
lesið upp og réttinum því næst slitið.

P. Melsted sþ. M. E. Johnsson

Gudmundur Sigurdsson. Þorsteinn Þorsteinsson
Hans Jónsson. Ivar Gudmundsson
Nöfnin handsöluð.

—— ——

Rétta útskript staðfestir
P. Melsted sþ.

útskript 12 ß
Staðfesting 20 ß 32 ß
eru þrjátýgi og tveir skild. S. m.
P. M.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 5

Lagt fram í hinum ísl. kgl. yfirdómi á Íslandi 20 júlí 1859

V. Finsen
sektr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur